

Smáralind ehf.

Ársreikningur 2007

Smáralind ehf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

Kt. 550496-2329

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3	Eiginfjáryfirlit	7
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Smáralindar ehf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Starfsemi Smáralindar ehf. er fólgin í eignarhaldi og rekstri á verslunarmiðstöðinni Smáralind.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og er það í fyrsta sinn sem félagið birtir ársreikning með þeim hætti. Ársreikningar undanfarinna ára hafa verið gerðir í samræmi við íslenskar reikningsskilavenjur. Breytingin hefur þau heildaráhrif á eigið fé samstæðunnar að bókfært eigið fé í ársbyrjun 2007 hækkar um 5.195 millj. kr. eða úr 1.100 millj. kr. í 6.295 millj. kr. eins og fram kemur í skýringu 25. Í ársreikningnum er gerð nánari grein fyrir þeim áhrifum sem upptaka staðlanna hefur í för með sér á reikningsskil samstæðunnar.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu leigutekjur samstæðunnar á árinu 1.178 millj. kr. og hagnaður hennar var 155 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 15.237 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 6.451 millj. kr. eða 42% af heildarfjármagni.

Hlutfé félagsins nam í lok ársins nam 1.423 millj. kr. og er það allt í eigu Fasteignafélags Íslands hf. líkt og í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2008 verði ekki greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2007, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2007 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2007.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Smáralindar ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2007 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Kópavogur, 28. mars 2008.

Stjórn:

Einar Örn Jónsson
Gunnar Þorláksson
Jóhannes Jónsson

Framkvæmdastjóri:

Helgi Marinó Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Smáralindar ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Smáralindar ehf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 28. mars 2008.

KPMG hf.

Símon Á. Gunnarsson
Árni V. Claessen

Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Leigutekjur		1.177.751	1.072.089
Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna	6	(459.108)	(406.608)
Hreinar leigutekjur		718.643	665.481
Aðrar tekjur	7	337.314	316.824
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(258.575)	(240.666)
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingar og afskriftir		797.381	741.639
Matsbreyting fjárfestingareigna		(119.100)	764.489
Afskriftir	12	(36.715)	(51.033)
Rekstrarhagnaður		641.566	1.455.095
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármunatekjur		292.021	290.720
Fjármagnsgjöld		(830.554)	(1.455.326)
Hrein fjármagnsgjöld	9	(538.533)	(1.164.606)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		103.033	290.489
Tekjuskattur	10,20	52.516	(52.288)
Hagnaður ársins		155.549	238.201
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	17	0,11	0,17

Skýringar á bls. 9 - 30 er óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	Skýr.	2007	2006
Eignir			
Fjárfestingareignir	11	14.485.582	15.604.682
Rekstrarfjármunir	12	186.426	170.725
Áhættufjármunir og langtímakröfur	13	33.710	42.645
Fastafjármunir		14.705.718	15.818.052
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	14	184.192	166.402
Kröfur á tengd félög		269.169	12.875
Handbært fé	15	78.236	183.962
Veltufjármunir		531.596	363.239
Eignir samtals		15.237.314	16.181.291
 Eigið fé			
Hlutfé		1.423.000	1.423.000
Lögbundinn varasjóður		185.345	185.345
Óráðstafað eigið fé		4.842.320	4.686.771
Eigið fé	16	6.450.665	6.295.116
 Skuldir			
Víkjandi lán	18	2.044.050	2.791.371
Önnur vaxtaberandi lán	19	5.127.058	5.448.550
Tekjuskattsskuldbinding	20	1.030.534	1.083.050
Langtímaskuldir		8.201.643	9.322.971
Vaxtaberandi lán	19	259.682	260.959
Viðskiptaskuldir		143.498	88.108
Aðrar skammtímaskuldir	21	181.826	214.137
Skammtímaskuldir		585.006	563.204
Skuldir samtals		8.786.649	9.886.175
Eigið fé og skuldir samtals		15.237.314	16.181.291

Skýringar á bls. 9 - 30 er óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit árið 2007

2006	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12.2005	1.423.000	185.345	145.803	1.754.148
Áhrif innleiðingar IFRS			4.302.767	4.302.767
Eigið fé 1.1.2006, IFRS	1.423.000	185.345	4.448.570	6.056.915
Hagnaður ársins			238.201	238.201
Eigið fé 31.12.2006	1.423.000	185.345	4.686.771	6.295.116
2007				
Eigið fé 31.12.2006	1.423.000	185.345	(508.425)	1.099.920
Áhrif innleiðingar IFRS			5.195.196	5.195.196
Eigið fé 1.1.2007, IFRS	1.423.000	185.345	4.686.771	6.295.116
Hagnaður ársins			155.549	155.549
Eigið fé 31.12.2007	1.423.000	185.345	4.842.320	6.450.665

Skýringar á bls. 9 - 30 er óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		155.549	238.201
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Matsbreyting fjárfestingareignar	11	119.100	(764.489)
Afskriftir	12	36.715	51.033
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		542.513	1.175.809
Breyting skatteignar og -skuldbindingar		(52.516)	52.288
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		<u>801.361</u>	<u>752.842</u>
Breyting á rekstartengdum eignum		(14.510)	(80.226)
Breyting á rekstartengdum skuldum		(12.420)	68.333
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		<u>774.431</u>	<u>740.949</u>
Innheimtar vaxtatekjur		49.204	32.515
Greidd vaxtagjöld		(368.598)	(431.497)
Handbært fé frá rekstri		<u>455.037</u>	<u>341.967</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	12	(56.899)	(56.650)
Langtímakröfur, breyting		6.760	(6.173)
Kröfur á tengd félög, breyting		(256.293)	81.898
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(306.432)</u>	<u>19.465</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Afborganir og uppgreiðslur langtímalána		(254.331)	(253.116)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(254.331)</u>	<u>(253.116)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(105.726)	108.316
Handbært fé í ársbyrjun		183.962	75.646
Handbært fé í árslok	15	<u>78.236</u>	<u>183.962</u>
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar sem ekki hreyfa handbært fé:			
Seld lóð til móðurfélags		1.000.000	0
Afborgun af víkjandi láni frá móðurfélagi		(1.000.000)	0

Skýringar á bls. 9 - 30 er óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Smáralind ehf., "félagið", er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Hagasmára 1 í Kópavogi. Félagið er dótturfélag Fasteignafélags Íslands hf. og er ársreikningurinn hluti af samstæðuársreikningi móðurfélagsins. Starfsemi Smáralindar ehf. er fólgin í eignarhaldi og rekstri á verslunarmiðstöðinni Smáralind.

Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef Kauphallar Íslands, www.icex.is

2. Grundvöllur reikningskilanna

a) Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 28. mars 2008.

Þetta er fyrsti ársreikningur félagsins sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og hefur IFRS 1, Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, verið beitt við gerð hans.

Gerð ársreiknings félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum leiðir til breytinga á reikningsskilaaðferðum sem notaðar voru við gerð síðasta ársreiknings félagsins en hann var gerður samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum. Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir þau tímabil sem þessi ársreikningur nær til. Þeim hefur ennfremur verið beitt við gerð opnunarefnahagsreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna á fjárhagstöðu félagsins og afkomu þess er að finna í skýringu 25. Skýringin inniheldur afstemmingar á eigin fé og afkomu félagsins fyrir samanburðartímabil, annars vegar eins og þau voru þegar íslenskum reikningsskilaaðferðum var beitt og hins vegar eins og þau eru samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

b) Matsaðferðir

Reikningsskilin hafa verið útbúin á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eftirfarandi eignir og skuldir eru metnar á gangvirði: fjárfestingareignir, veltufjáreignir, veltufjárskuldir og afleiðusamningar. Fjallað er um mat á gangvirði í skýringu 4.

c) Framsetningar og starfsrækslugjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d) Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Skýringar, frh.:

2. frh.:

Upplýsingar um mat stjórnenda og ályktanir við beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem veruleg áhrif hafa á ársreikninginn er að finna í skýringu 24.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og jafnframt við gerð opnunarefnahagsreiknings 1. janúar 2006 vegna upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

a) *Erlendir gjaldmiðlar*

(i) *Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

b) *Fjárfestingareignir*

Fjárfestingareignir eru fasteignir (land eða húseign) sem eru í eigu félagsins til að afla leigutekna eða til verðmætuaukningar eða hvoru tveggja. Fjárfestingareignir eru færðar á gangverði samanber skýringu 4.

Breytingar á gangverði fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikningi. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Ef fjárfestingareign er nýtt af eiganda er hún flokkuð sem rekstrarfjármunir og gangvirði hennar á endurflokkunardegi verður kostnaðarverð hennar í reikningsskilum. Þegar félagið byrjar að endurhanna fyrirbyggjandi fjárfestingareign til áframhaldandi notkunar sem fjárfestingareign stendur eignin áfram sem fjárfestingareign og er metin á gangvirði en er ekki endurskilgreind sem rekstrarfjármunur meðan á endurhönnuninni stendur.

c) *Fjármálagerningar*

(i) *Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar*

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Í skýringu 3h er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Skýringar, frh.:

3. frh.:

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

(ii) *Afleiðusamningar*

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

Hagrænar varnir

Áhættuvarnarreikningsskilum er ekki beitt vegna afleiðusamninga sem ætlað er að verja peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum. Gangvirðisbreytingar slíkra afleiðusamninga eru færðar meðal hreinna tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum í rekstrarreikningi.

(iii) *Hlutfé*

Almennt hlutfé

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

d) ***Rekstrarfjármunir***

(i) *Færsla og mat*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Á undirbúningskostnað eru ekki færðir vextir.

Skýringar, frh.:

3. frh.:

(ii) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími og hrakvirði greinist þannig:

	Nýtingartími	Hrakvirði
Innréttingar, áhöld, tæki og bifreiðar	5-7 ár	10%

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulega fjárhæð er að ræða.

e) *Virðisrýrnun*

Bókfært verð annarra eigna félagsins en peningalegra eigna er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem bókfært verð eignarinnar sé ekki umfram bókfært verð sem ákveðið hefði verið, að frádregnum afskriftum, ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

f) *Skuldbindingar*

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar fyrirtækinu ber lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á henni við að gera upp skuldbindinguna. Ef áhrifin eru veruleg eru skuldbindingarnar ákveðnar með því að afvaxta áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem sýna núverandi markaðsmat tímavirðis peninga og, ef við á, áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

g) *Tekjur*

Leigutekjur af fasteignum eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutíma viðkomandi eignar.

h) *Útgjöld*

(i) Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna er meðal annars fasteignagjöld, váttryggingar og viðhald.

(ii) *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum af lánunum, vaxtatekjum af fjárfestingum, gengismun af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði eða tapi af áhættuvarnargerningum sem eru færð í rekstrarreikning.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti af eigninni.

Skýringar, frh.:

3. frh.:

i) **Tekjuskattur**

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseignin er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

j) **Hagnaður á hlut**

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta meðalfjölda virkra hluta vegna mögulegrar þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út vegna breytanlegs víkjandi láns.

k) **Starfsþáttayfirlit**

Starfsþáttayfirlit er ekki birt þar sem stjórnendur félagsins líta á starfsemina sem einn starfsþátt í einu efnahagslegu umhverfi.

l) **Nýir reikningsskilastaðlar og staðlar sem hafa ekki verið innleiddir og túlkanir á þeim**

Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa verið innleiddir á árinu 2007:

IFRS 7 Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf og breytingar á IAS 1 Framsetning reikningsskila: fjármagnsupplýsingar gilda um ársreikning félagsins 2007. Innleiðingin hefur áhrif á eðli og umfang skýringa í ársreikningi en ekki á afkomu og fjárhagsstöðu félagsins. Samanburðarfjárhæðir eru settar fram í samræmi við ákvæði staðlanna.

IFRIC 7 – 10 tóku gildi á árinu 2007 en höfðu ekki áhrif á ársreikning félagsins.

Reikningsskilastaðlar, breytingar á reikningsskilastöðlum og túlkanir á þeim hafa ekki tekið gildi í árslok 2007:

IFRS 8 Starfsþættir. Gerð er krafa um að upplýsingar séu settar fram með sambærilegum hætti og þær berast lykilstjórnendum félagsins. Starfsþáttayfirlit er ekki birt þar sem stjórnendur félagsins líta á starfsemina sem einn starfsþátt í einu efnahagslegu umhverfi.

Skýringar, frh.:

3. frh.:

IAS 1 Framsetning reikningsskila (endurbætt 2007) kemur í stað *IAS 1 Framsetning reikningsskila* (endurbætt 2003) með breytingum frá 2005. *IAS 1* (endurbætt 2007) setur fram almennar kröfur og leiðbeiningar um framsetningu og uppbyggingu reikningsskila og lágmarkskröfur um innihald þeirra. Meginbreyting endurbættis *IAS 1* er krafan um að veita upplýsingar um allar breytingar á eigin fé sem ekki tengjast hluthöfum í einu eða tveimur yfirlitum: hvort sem er í einu yfirliti yfir heildarafkomu eða í rekstrarreikningi sem og yfirliti yfir heildarafkomu. Ólíkt núgildandi *IAS 1* verður óheimilt að birta eingöngu hluta heildarafkomu í eiginfjáryfirliti. Verði endurbættur *IAS 1* staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning félagsins 2009 og mun væntanlega hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins og eiginfjáryfirlit.

Í endurbættum *IAS 23 Lántökukostnaður* er felld niður heimild til að gjaldfæra lántökukostnað og þess krafist að félög eignfæri lántökukostnað sem tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar sem hluta af kostnaðarverði eignarinnar. Verði endurbættur *IAS 23* staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning félagsins 2009 og fela í sér breytingar á reikningsskilaaðferðum hans. Verður staðlinum beitt við eignfærslu lántökukostnaðar sem stofnað er til eftir gildistöku breytingarinnar.

Í endurbættum *IFRS 2 Eignarhlutatengd greiðsla – ávinnslutími og ógilding* (janúar 2008) eru skilgreind hugtökin ávinnslutími og reikningshaldsleg meðferð þess þegar samningar um eignarhlutatengdar greiðslur eru ógiltir. Verði endurbættur *IFRS 2* staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning félagsins 2009, með afturvirkri beitingu. Ekki er gert ráð fyrir að endurbættur *IFRS 2* muni hafa áhrif á ársreikning félagsins.

IFRS 3 Sameining fyrirtækja (endurbætt 2008) og tilheyrandi breytingar í *IAS 27 Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* felur í sér breytingar á reikningsskilum við sameiningu fyrirtækja og fyrir hluthafa sem fara ekki með yfirráð eða eru minnihlutaeigendur. Helstu breytingar frá *IFRS 3* (2004) og *IAS 27* (2003) eru eftirfarandi:

- *IFRS 3* (2008) gildir einnig um sameiningu fyrirtækja þar sem hlut eiga að máli einungis gagnkvæmar einingar og þar sem sameiningu fyrirtækja er náð fram með samkomulagi þar um;
- Skilgreiningu á sameiningum fyrirtækja hefur verið breytt þannig að aukin áhersla er á að yfirráð séu til staðar;
- Skilgreiningu á rekstri hefur verið breytt;
- Kostnaður sem fellur til hjá yfirtökufélagi við sameiningu telst ekki vera hluti af kostnaði við kaupin;
- Kaup á viðbótarhlut eftir að sameining hefur átt sér stað eru færð sem eiginfjárviðskipti;
- Sala á hlut þegar yfirráð eru ennþá fyrir hendi er færð sem eiginfjárviðskipti;
- Nýrra skýringa er þörf.

Ef *IFRS 3* (endurbætt 2008) og tilheyrandi breytingar á *IAS 27* verða staðfestar af Evrópusambandinu munu þær gilda um ársreikning félagsins 2010. Bókfært verð eigna og skulda sem urðu til við sameiningu fyrirtækja fyrir innleiðingu *IFRS 3* (endurbætt 2008) verða ekki endurgerðar en breytingar á *IAS 27* gilda flestar afturvirk. Áhrif á ársreikning félagsins verða engin.

IFRIC 11 IFRS 2 – Viðskipti með eigin hluti í samstæðu krefst þess að eignarhlutatengdar greiðslur þar sem félag fær vörur eða þjónustu sem greiðslu fyrir eigin eiginfjárgerninga skuli færa sem eignarhlutatengda greiðslu, sem gerð er upp með eigin hlutum, óháð því hvernig eiginfjárgerninganna er aflað. *IFRIC 11* gildir fyrir ársreikning félagsins 2008, og krefst afturvirkra leiðréttinga. Ekki er gert ráð fyrir að túlkunin muni hafa áhrif á ársreikning félagsins.

Skýringar, frh.:

3. frh.:

IFRIC 13 Tryggðarkerfi fjallar um reikningsskil félaga sem reka, eða taka með öðrum hætti þátt í, tryggðarkerfi fyrir viðskiptamenn sína. Það tengist tryggðarkerfum þar sem viðskiptamennirnir geta endurheimt inneign sína með afslætti af vörum og þjónustu eða ókeypis vörum og þjónustu. Verði IFRIC 13 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning félagsins 2009 og mun væntanlega ekki hafa nein áhrif á reikninginn.

IFRIC 14 IAS 19 - Takmörkunin á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra skýrir hvenær skuli telja endurgreiðslur eða lækkun framtíðariðgjalda í tengslum við réttindatengdar eignir mögulegar og leiðbeinir um áhrif ákvæða um lágmarksfjármögnun slíkra eigna. Túlkunin fjallar einnig um það þegar ákvæði um lágmarksfjármögnun geta leitt til skuldar. Verði IFRIC 14 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning félagsins 2008 og krefjast afturvirkra leiðréttinga. Áhrif á ársreikning félagsins hafa ekki verið metin.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a) *Fjárfestingareignir*

Fjárfestingareignir eru færðar á gangverði í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal nr. 40 (IAS). Við mat á fjárfestingareignum er stuðst við núvirt framtíðar sjóðsflæði einstakra eigna ásamt því að stuðst er við gangverð sambærilegra eigna á sama stað og í sama ásigkomulagi á virkum markaði milli ótengdra aðila. Áætlað tekjuflæði þeirra tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald þeirra er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við markaðsverti.

b) *Rekstrarfjármunir*

Gangvirði annarra rekstrarfjármuna er byggt á markaðsverði sambærilegra eigna.

c) *Fjárfestingar í skuldabréfum*

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörssdegi.

d) *Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur*

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörssdags.

e) *Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður*

